



Fundargerð

Tilv. 1704259/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 9/2017.
Dagsetning og tími: 6. desember 2017, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 8. nóvember 2017.
2. Grisjunarbeiðni Útlendingastofnunar dags. 20. október 2017 – bókhaldsgögn (var áður á dagskrá fundar 8. nóvember 2017) (málsnr. 1710154).
3. Tilkynning Fjármálaeftirlitsins um gagnakerfið Þjónustugátt dags. 26. október 2017 – ákvörðun um grisjun á gögnum í kerfinu (málsnr. 1710177).
4. Grisjunarbeiðni Háskólans á Akureyri dags. 10. nóvember 2017 – einkunnalistar og fylgigögn einkunnaskráningagagna (málsnr. 1711049).
5. Grisjunarbeiðni Einkaleyfastofu dags. 20. nóvember 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1711068).
6. Tilkynning Fiskistofu um gagnakerfið Gafl dags. 21. nóvember 2017 – ákvörðun um grisjun á vinnugögnum í kerfinu (málsnr. 1711074).
7. Tilkynning Fiskistofu um gagnakerfið Vor dags. 21. nóvember 2017 – ákvörðun um grisjun á vinnugögnum í kerfinu (málsnr. 1711027).
8. Grisjunarbeiðni dómsmálaráðuneytisins dags. 22. nóvember 2017 – fylgiskjöl gjafsóknabeiðna (málsnr. 1711088).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 8. nóvember 2017.

Fundargerð grisjunarráðs frá 8. nóvember 2017 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Útlendingastofnunar dags. 20. október 2017 – bókhaldsgögn (var áður á dagskrá fundar 8. nóvember 2017) (málsnr. 1710154).

Beiðnin var samþykkt. Útlendingastofnun er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds frá tímabilinu 1999–2011 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem



sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

3. Tilkygning Fjármálaeftirlitsins um gagnakerfið Þjónustugátt dags. 26. október 2017 – ákvörðun um grisjun á gögnum í kerfinu (málsnr. 1710177).

Samþykkt að ekki þurfi að afhenda rafræn gögn úr gagnakerfinu Þjónustugátt í formi vörsluútgáfu. Samþykkt að heimila grisjun á rafrænum gögnum úr kerfinu þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi gagnanna er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að gögnin í gagnakerfinu eru einnig varðveitt í mála- og skjalastjórnarkerfinu GoPro sem þegar hefur verið tilkynnt og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

4. Grisjunarbeiðni Háskólans á Akureyri dags. 10. nóvember 2017 – einkunnalistar og fylgigögn einkunnaskráningagagna (málsnr. 1711049).

Beiðninni var hafnað. Skjölin eru þess eðlis að þau eru heimildir um starfsemi skólans. Þegar rafrænt afrit gagnanna hefur verið tryggt í gagnakerfi skólans sem hefur verið tilkynnt og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands er forsenda til að endurskoða ákvörðunina.

5. Grisjunarbeiðni Einkaleyfastofu dags. 20. nóvember 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1711068).

Beiðnin var samþykkt. Einkaleyfastofu er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds frá tímabilinu 1997–2009 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

6. Tilkygning Fiskistofu um gagnakerfið Gafl dags. 21. nóvember 2017 – ákvörðun um grisjun á vinnugögnum í kerfinu (málsnr. 1711074).

Samþykkt að ekki þurfi að afhenda umbeðnar töflur sem innihalda vinnugögn í rafræna gagnakerfinu Gafl í formi vörsluútgáfu. Samþykkt að heimila grisjun á rafrænum gögnum úr kerfinu þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi gagnanna er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að töflur sem innihalda vinnugögn hafa tímabundið gildi.

7. Tilkygning Fiskistofu um gagnakerfið Vor dags. 21. nóvember 2017 – ákvörðun um grisjun á vinnugögnum í kerfinu (málsnr. 1711027).

Samþykkt að ekki þurfi að afhenda umbeðnar töflur sem innihalda vinnugögn í rafræna gagnakerfinu Vor í formi vörsluútgáfu. Samþykkt að heimila grisjun á rafrænum gögnum úr kerfinu þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi gagnanna er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að töflur sem innihalda vinnugögn hafa tímabundið gildi.



8. Grisjunarbeiðni dómsmálaráðuneytisins dags. 22. nóvember 2017 – fylgiskjöl gjafsóknabeiðna (málsnr. 1711088).

Beiðninni var hafnað. Skjölin eru þess eðlis að þau eru heimildir um starfsemi gjafsóknarnefndar. Þegar rafrænt skjalavörslu hefur verið tilkynnt og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands er forsenda til að endurskoða ákvörðunina.

Fundi slitið kl. 12:46.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)